

**Ed.**

**SS. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um að ríkið taki að sjer kvennaskólann í Reykjavík.

Frá Guðmundi Ólafssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Ríkið tekur að sjer kvennaskólana í Reykjavík og á Blönduósi, og skulu þeir framvegis að öllu leyti reknir á kostnað ríkissjóðs.

Sjóðir hvors kvennaskólans fyrir sig skulu framvegis ávaxtast þannig, að  $\frac{1}{4}$  hluti vaxtanna leggist árlega við höfuðstól, en  $\frac{3}{4}$  hlutar þeirra gangi jafnótt til rekstrar hvors skóla. Allar aðrar eignir skólanna, kensluáhöld, rúm-fatnaður o. fl. fylgja þeim.

Stjórnarráðið fær umráð þau yfir hinum sjerstöku sjóðum kvennaskólanna, er forstöðunefndir þeirra hafa haft á hendi.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórnin setur skólunum starfsreglur og hefir öll umráð þeirra, en sjer til ráðuneytis skipar hún 5 manna nefnd við hvorn skóla, og sje meiri hluti beggja nefndanna konur.

3. Við 5. gr.

a. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Við kvennaskólaun í Reykjavík skal skipa forstöðukonu.

b. Aftan við fyrstu málsgrein bælist ný málsgrein, er orðist svo:

Við kvennaskólann á Blönduósi skal skipa forstöðukonu með 2400 kr. árslaunum, auk ókeypis bústaðar, ljóss, hita og fæðis meðan skólinn starfar, og tvo fasta kennara með 1700 kr. árslaunum hvorn. Þá skal og skipa forstöðukonu fyrir hússtjórnardeild skólans með 1200 kr. árslaunum, auk ókeypis bústaðar, ljóss, hita og fæðis meðan kensla stendur yfir.

c. Í annari málsgrein, er verði 3. málsg., komi fyrir »skólans«: skólanna.

4. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo:

Frumvarp til laga um að ríkið taki að sjer kvennaskólana í Reykjavík og á Blönduósi.